

Fundargerð 3. fundar starfshóps um fæðismál í grunnskólum

Fundardagur: Miðvikudagur 25. apríl 2018
Fundarupphaf: Kl. 14
Staðsetning: Aðsetur Skólamat ehf í Reykjanesbæ

Mætt: Rósa Guðbjartsdóttir, Júlíus Andri Þórðarson og Kristín Ólöf Grétarsdóttir. Frá skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustunnar Geir Bjarnason og Vigfús Hallgrímsson. Karólína Helga Símonardóttir var forfölluð. Guðmundur Ragnar Ólafsson innkaupastjóri skipulagði ferðina og fór með í heimsóknina.

Mál sem voru rædd á fundinum:

1. Matarmál grunnskóla á næsta skólaári.

Umræða um framkvæmd á matarmálum grunnskólanna sem eru í þjónustu hjá Skólamat ehf á þessu skólaári og rennur þá út. Sökum þess að starfshópurinn sér fram á að vinna við frekari undirbúning á matarmálum í grunnskólum bæjarins standi yfir á næsta skólaári að eftirfarandi gerist á meðan: „Lagt er til að skólaárið 2018-2019 verði samið við Skólamat ehf um kaup á hádegismat í þá skóla bæjarins sem núna eru í þjónustu hjá fyrirtækinu á meðan endurskoðun á matarmálum í grunnskólum bæjarins stendur yfir og miðað er við að breytingar taki gildi haustið 2019.“

2. Áframhaldandi vinna starfshópsins.

Samdóma álit hópsins að fróðlegt hafi verið að fara í heimsókn til Skólamat og metnaður í gangi hjá fyrirtækinu. Unnið verði að því að vera með í árlegri spurningakönnun með Skólamat til foreldra í Hafnarfirði. Vigfús kemur spurningunum á starfshópinn og við fáum svör frá Skólamat varðandi tímafrest til að leggja inn okkar spurningar til viðbótar ef við viljum bæta við nýjum atriðum.

Óskað er eftir að unnið verði minnisblað þar sem fram komi nokkur atriði, m.a. fá sjónarmið nágrannasveitarfélaga til framkvæmd matarmála, þ.e. eigin mótuneyti eða keypt út og þá hvers vegna. Sömuleiðis að fá samanburð á kostnaði á rekstri eigin mótuneytis og aðkeypts matar sem áður hefur verið unnið á vegum bæjarins.

Næsti fundur er ósk um heimsókn í Krikaskóla í Mosfellsbæ. Lagt til að fundurinn verði 3. maí. Vigfús ræðir við skólann.

Fundarslit kl. 14.40.

Ritun fundargerðar: Vigfús Hallgrímsson